

10. apríl 2007

Samkomulag um breytingu á stofnanasamningi

tiltekinn aðildarfélag BHM o.fl. annars vegar og
LSH hins vegar, dags. 28. apríl 2006.

Samstarfsnefnd BHM og LSH hafa á fundi sínum í dag komist að samkomulagi sem meðal annars varðar breytingar á stofnanasamningi aðila frá 28. apríl 2006

1. Breyting á 4. grein tilvitnaðs stofnanasamnings aðila.

Fyrsti hluti 4. greinar, sem fjallar um röðun starfaflokka, breytist með eftirfarandi hætti:

<u>Starf</u>	<u>Skýring</u> (sjá nánari skilgreiningu í fylgiskjali 1)	<u>Launafl.</u>
Starfsmaður A;	byrjandi í starfi.	01 – 02
Starfsmaður B;	kominn vel á veg.	02 – 03
Starfsmaður C;	er fær í starfi.	04 – 05
Starfsmaður D;	er mjög vel fær í starfi. D-s; staðgengill deildarstjóra. D-k; innleiðir nýjungar í sínu fagi.	05 – 08
Starfsmaður E;	sérfræðingur í tiltekinni fræðigreini á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistarapróf.	07 – 08
Sérfræðingsstarf;	samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigreini á fagsviði starfs	08
Deildarstjóri;	(eða forstöðumaður þar sem það á við) felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar starfslýsingu.	09

Annað í 4. grein stofnanasamningsins breytist ekki.

2. Yfirlýsing felld úr gildi.

Með samningi þessum um hækkun röðunar í starfaflokkum C og D telst því hækkunarferli hafa verið ráðstafað að fullu sem um er fjallað í yfirlýsingu aðila dags. 27. október 2006. Tilvitnuð yfirlýsing er hér með felld úr gildi og munu starfsmenn frá og með gildistöku samnings þessa ekki hækka um álagsþrep við það að ná 45 ára aldri.

3. Matskerfi starfa / starfsþróun

Unnið verður að gerð starfsþróunarkerfis fyrir þau störf á LSH sem samningur þessi nær til. Við undirbúning matskerfisins skal stuðst við þá þekkingu sem varð til við gerð framgangskerfis hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á LSH. Áformað er að ljúka vinnu þessari fyrir árslok 2007.

4. Gildistaka samkomulags þessa

Framangreindar breytingar gilda frá og með 1. maí 2007. Vegna framangreindrar breytingar á 4. grein hækka öll störf sem við gildistöku samkomulags þessa teljast til starfaflokka C og D um einn launflokk frá og með 1. maí 2007. Jafnframt mun álagsþrep vegna 45 ára aldurs falla niður hjá þeim sem tilheyra umræddum starfaflokkum.

Með samkomulagi þessu eru aðilar sammála um að umsaminni hækkun um 2,6% samkvæmt 3. mgr. í fylgiskjali 1 meðf. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélaga í BHM annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar dags. 28. febrúar 2005, hafi að fullu verið ráðstafað.

Reykjavík 10. apríl 2007

F.h. Landspítala – háskólasjúkrahúss

F.h. viðkomandi aðildarfélaga BHM